

50

	Gjöld:	Kr. a.	Kr. a.
1. Styrkur veittur stúdentum			100 00
2. Eptirstöðvar við árslok 1890			
a. veðskuldabryf einstakra manna		2680 00	
b. á vöxtum í landsbankanum		39 79	2719 79
		Samtals	2819 79

Reykjavík 5. marz 1891.

H. Hálfðánarson.

51

Reikningur

yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi árið 1890.

	Tekjur:	Kr. a.
1. Eptirstöðvar frá f. á.		30 59
2. Tillag úr landssjóði		200 00
		<u>238 59</u>
	Gjöld:	
1. Borgað til síra Eiríks Kúld fyrir að hafa umsjón með bókasafninu		30 00
2. Fyrir keyptar bækur:		
a. hjá Ó Finsen		110 85
b. á uppboði		19 50
		<u>130 35</u>
3. Fyrir bókband:		
til bókbindara Arinbjarnar Sveinbjarnarsonar		65 00
4. Ýmisleg gjöld		1 40
5. Í sjóði hjá undirskrifuðum		11 84
		<u>238 59</u>

Amtmaðurinn í vestur-amtinu, Reykjavík 4. apríl 1891.

*E. Th. Jónassen.*52
2. marz.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um hafnsögupvingun og reglugjörðir fyrir hafnsögumenn. — Í póknanlegu brjefi, dags. 27. desbr. f. á. hafið þjer, herra amtmaður, útaf ýmsum fyrirspurnum til yðar um skyldur hafnsögumanna og rjettindi þeirra, sjerstaklega um það, hvort skip sjeu eigi skyld til að nota leiðbeining þeirra, en ella borga hafnsögugjald að nokkru eða öllu leyti, beiðzt leiðbeiningar um, hvort hafnsögupvingun (Lodstvang) geti átt sjer stað á þeim stöðum, þar sem yfirvaldið hefur skipað hafnsögumenn, og hvort amtinu sje heimilt, eins og áður hefur átt sjer stað, að gefa út reglugjörðir fyrir hafnsögumenn og hafnsögutaxta, og látið þjer í ljósi, að þjer fáíð eigi sjeð að í slíkar reglugjörðir verði settar hegningar ákvarðanir, nema eptir æðri heimild.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til póknanlegrar leiðbeiningar, að engin heimild er fyrir hafnsögupvingun hjer á landi, en reglugjörðir fyrir hafnsögumenn og hafnsögutaxta virðist amtið geta sett, til leiðbeiningar og eptirbreytni fyrir hafnsögumennina, þó án hegningarákvæða.